

Vikurnám á Búrfellshólma, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 4. nóvember 2024 lagði Steypustöðin Materials ehf. fram umhverfismatsskýrslu um Vikurnám á Búrfellshólma til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Landsvirkjunar og Vegagerðarinnar.

Umhverfismatsskýrslan var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 13. desember 2024 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími var frá 13. desember 2024 til 30. janúar 2025.

1.2 Gögn

Framlögð gögn Steypustöðvarinnar Materials ehf.

Umhverfismatsskýrsla: Vikurnám á Búrfellshólma. Umhverfismatsskýrsla. Efla, 11. desember 2024.

Viðaukar með umhverfismatsskýrslu:

- Lífríki á Hekluhafi
- Fornleifaskráning
- Jarðrannsóknir á Búrfellshólmum

Framkvæmdaraðili lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu 11. desember 2024.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 5., 14. og 24. febrúar 2025.


Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Skeiða- og Gnúpverjahreppi 19. febrúar 2025
- Hafrannsóknastofnun 23. janúar 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. janúar 2025
- Fiskistofu 30. janúar 2025
- Náttúrufræðistofnun Íslands 30. janúar 2025
- Umhverfisstofnun 20. desember 2024
- Landsvirkjun 30. janúar 2025
- Vegagerðinni 4. febrúar 2025
- Minjastofnun Íslands 3. febrúar 2025

2 Framkvæmd


2.1 Framkvæmdalýsing



Mynd 1: Staðsetning og afmörkun fyrirhugað efnistökusvæðis á Búrfellshólma. Hvít brotalína táknar sveitarfélagsmörk og blá lína táknar afmörkun fyrirhugaðs efnistökusvæðis (mynd fengin úr umhverfismatsskýrslu)

Í köflum 2.1 til 2.6 í umhverfismatsskýrslu er að finna lýsingu á framkvæmdinni. Fyrirhugað framkvæmd felst í efnistöku á vikri á Búrfellshólma, þar sem ráðgert er að vinna allt að 4-5 milljónir m³ af vikri á svæðinu eða um 80.000 - 300.000 m³ á ári í 10-15 ár. Vikurinn verður svo fluttur til frekari efnisvinnslu í Vatnsskarðsnámu og fer svo ýmist í útflutning eða notaður til framleiðslu á íaukum innanlands. Fyrirhugað efnistökusvæði er um 189 ha að flatarmáli og kemur í beinu framhaldi af eldra efnistökusvæði á Búrfellshólma. Gert er ráð fyrir að vinnslutími ár hvert verði á bilinu apríl – nóvember þar sem slæm færð geti verið að svæðinu yfir vetrartímann.

Umferð frá svæðinu verður um Þjórsárdalsveg og Skeiða- og Hrunamannaveg, Hringveg 1, Eyrarbakkaveg, Þorlákshafnarveg, Suðurstrandarveg og Krýsuvíkurveg (sjá mynd 2). Áætlaður fjöldi ferða verði um 12-13 á dag, á dagvinnutíma, 6 daga vikunnar á tímabilinu apríl – nóvember og er því gróflega áætlað að ferðirnar verði um 2.800 á ári.



Mynd 2: Akstursleið flutningabíla (mynd fengin úr umhverfismatsskýrslu)

Frágangur verður jafnt og þétt yfir vinnslutíma á meðan framkvæmd stendur yfir og gert er ráð fyrir að hverju sári sé lokað að fullu á um það bil mánaðar fresti. Þegar allt svæðið hefur verið unnið verður gengið frá svæðinu þannig að rask vegna efnisvinnslunnar verði sem minnst áberandi og að það verði gerðir aflíðandi flákar sem ná ofan í námubotn.

2.2 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. kemur fram að aðrir raunhæfir kostir sem myndu fela í sér enn frekari afmörkun á efnistöku, styttri vinnslutíma, minna efnismagn eða aðrar flutningsleiðir séu ekki fjárhagslega fýsilegir fyrir verkefnið. Allir innviðir séu til staðar á svæðinu og ekki sé neinn ávinningur af því að vinna minna efnismagn þar sem það myndi ekki hlífa neinum náttúruminum.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð, óverulega, engin áhrif, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 28-30 í umhverfismatsskýrslunni.

Við umfjöllun um hvern umhverfispátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Steypustöðvarinnar Materials ehf. á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. og umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

3.1 Áhrif á landslag og ásjón

3.1.1 Mat Steypustöðvarinnar Materials ehf.

Í umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. kemur fram að efnistökusvæðið sé á tiltölulega flötu svæði umkringgt fjöllum og verði efnið grafið niður og megi því búast við



ásýndaráhrifum til svæða sem ná herra upp úr landslaginu svo sem frá nálægum fjöllum. Búast megi við meiri áhrifum nær efnistökusvæðinu en með fjarlægð dragi úr sjónrænum áhrifum og í meira en 10 km fjarlægð hafi aðrir þættir landslags afgerandi áhrif á sýnileika. Áhrifanna verði því einna mest að gæta frá fjallinu Búrfelli sem sé mikið nýtt til útivistar. Auk ásýndaráhrifa af efnistökunni megi búast við að vinnuvélar hafi áhrif á ásýnd. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að vinnsla verði í námunni í 10-15 ár svo áhrifin verði langvarandi og megi búast við því að umfang sjónrænna áhrifa komi til með að aukast samhliða frekari efnistöku. Fram kemur að búast megi við samlegðaráhrifum með annarri efnistöku á svæðinu, bæði hafi farið fram efnistaka norðan við fyrirhugað efnistökusvæði en einnig sé efnistaka í gangi austan megin við Landveg til móts við fyrirhugað efnistökusvæði við Merkið. Gera megi ráð fyrir að samanlagður sýnileiki efnistökusvæða sem séu á svæðinu fyrir sé sambærilegur eða meiri en sýnileiki fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Gildi landslagsins felst fyrst og fremst í upplifunargildi ferðafólks í nágrenninu t.d. þeirra sem gangi upp á Búrfell en fyrirhuguð efnistaka geti skert upplifunargildi fólks. Framkvæmdaraðili telur sjónræn áhrif vera helst á framkvæmdatíma og að efnistöku lokinni séu áhrif á landslag og ásýnd talin afturkræf m.t.t. frágangs og mótvægisáðgerða. Framkvæmdaraðili telur áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd vera nokkuð neikvæð.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að ásýnd námunnar verði aðlöguð að landslagi sínu að efnistöku lokinni m.a. verði gengið frá svæðinu þannig að halli ofan í námubotni verði aflíðandi. Framkvæmdaraðili muni leita eftir samráði við Land og skóga um frekari frágang að efnistöku lokinni og möguleika hvað varði landgræðslu og/eða skógrækt á svæðinu.

3.1.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar felst í sjónrænum áhrifum. Fyrir liggur að námustarfsemi hefur farið fram á svæði við hliðina á fyrirhuguðu efnistökusvæði og því eru áhrif á ásýnd að nokkru leyti komin fram en með fyrirhugaðri efnistöku munu áhrif á ásýnd svæðisins verða umfangsmeiri. Náman verður niðurgráfin og lítt sýnileg frá láglendi en mun sjást vel frá Búrfelli sem er vinsælt útivistarsvæði. Framkvæmdaraðili boðar til mótvægisáðgerða þar sem gengið verði jafnóðum frá svæðum þegar þau hafa verið nýtt og mun það koma til með að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur að áhrif efnistökunnar komi til með að verða nokkuð neikvæð vegna samlegðaráhrifa með annarri efnistöku.

3.2 Áhrif á umhverfisþátt jarðfræði og jarðmyndanir

3.2.1 Mat Steypustöðvarinnar Materials ehf.

Í umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. kemur fram að jarðmyndunin vikur verði fyrir beinum og óafturkræfum áhrifum þar sem verið sé að fjarlægja jarðmyndunina en hún njóti ekki sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Framkvæmdaraðili telur áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir nokkuð neikvæð.

3.2.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að ljóst sé að áhrif á jarðminjar verði mikil þar sem vikurlagið verði alveg fjarlægt af svæðinu. Þó vikurinn njóti ekki sérstakrar verndar þá séu þetta þykk og víðáttumikil vikurlög ekki algeng á Íslandi. Efnistaka hafi verið á svæðinu í mörg ár og illa eða ekkert verið gengið frá svæðinu að efnistöku lokinni og áhrif á jarðminjar og ásýnd því verið verulega neikvæð. Náttúrufræðistofnun telur að ganga verði frá fyrra efnistökusvæði áður en stærra svæði verði raskað. Einnig ætti að gera kröfur um að gengið verði frá námunni jafnóðum og sá frágangur verði tekinn út reglulega meðan á vinnslu standi. Að mati stofnunarinnar sé í



umhverfismatsskýrslu ekki gerð nógu vel grein fyrir vinnslunni, áfangaskiptingu hennar og frágangi meðan á vinnslu standi

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að efnistaka sem farið hafi fram á svæðinu hafi verið á vegum annars framkvæmdaraðila og því um að ræða aðskildar framkvæmdir og þar með aðskildar kröfur. Varðandi frágangsaætlun svarar framkvæmdaraðili því að í umhverfismatsskýrslu komi fram frágangsaætlun sem framkvæmdaraðili metur styðja við þær kröfur sem settar séu fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar.

3.2.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða varanlegt jarðefnanám sem felst í eyðingu jarðmyndunar án þess að unnt sé að bæta hana með einhvers konar endurheimt. Jarðmyndanir innan framkvæmdasvæðisins njóta ekki sérstakrar verndar og hefur þeim verið raskað nú þegar á svæðinu í kring en líkt og Náttúrufræðistofnun bendir á eru svona þykk og víðáttumikil vikurlög ekki algeng á Íslandi. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér að eyða þessari jarðmyndun alveg og telur Skipulagsstofnun að líta verði svo á að áhrif á jarðmyndanir verði nokkuð neikvæð.

3.3 Áhrif á vatnafar og vatnalíf

3.3.1 Mat Steypustöðvarinnar Materials ehf.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að framkvæmdin sé ekki á vatnsverndarsvæði og að litlar líkur séu á mengunarslysum þar sem engin vinnsla fari fram á svæðinu. Tvenn grunnvatnshlot séu innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, annars vegar Efri-Þjórsá (103-211-G) og hins vegar Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G) og hafi þau ekki skráð álag samkvæmt vatnavefsjá. Ekki sé gert ráð fyrir neinum vatnsformfræðilegum breytingum eða breytingum á eðlis- eða líffræðilegum aðstæðum m.v. núverandi ástand. Grunnástand vatnshlota á svæðinu hafi tekið töluverðum breytingum frá náttúrulegu ástandi þeirra vegna framkvæmda í tengslum við virkjun á Þjórsá. Vatnalíf í næsta nágrenni við framkvæmdirnar sé líklega tiltölulega snautt á flestum tímabilum árs og telji framkvæmdaraðili að framkvæmdin komi ekki til með að raska því vatnalífi sem nú þegar sé til staðar. Brugðist hafi verið við athugasemd vegna bakkagróðurs með því að færa framkvæmdasvæðið 50 m frá árbökkum beggja vegna áнна. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á vatnafar og vatnalíf verði óveruleg.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að framkvæmdaraðili muni viðhafa góðar starfsvenjur á efnistökusvæðinu, m.a. góðu viðhaldi á vinnuvélum og ökutækjum til að draga úr líkum á mengunarslysum.

3.3.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að lítið sé fjallað um möguleg áhrif á vatnalíf í Þjórsá og Bjarnalæk. Þó svo að framkvæmdasvæðið verði í 50 m fjarlægð frá ánum sé alltaf möguleiki að fok frá námusvæðinu berist út í árnar en ekkert sé minnst á það í umhverfismatsskýrslunni.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að framkvæmdin sé háð leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sé almennt mjög gróðursnautt og í miklum vindum megi gera ráð fyrir foki, hvort sem það sé verið að vinna efni eða ekki. Framkvæmdaraðili telji að ekki sé líklegt að fokefni vegna efnisvinnslu verði af slíku magni að það muni hafa áhrif á vatnalíf í árfarvegum beggja vegna framkvæmdasvæðisins. Þá megi gera ráð fyrir að fokefni sé aðeins brot af framburði áнна.



3.3.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu Steypustöðvarinnar um vægi áhrifa en bendir á að við leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli skipulagslaga skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

3.4 Áhrif á umferð og loftgæði

3.4.1 Mat Steypustöðvarinnar Materials ehf.

Í umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. kemur fram að áhrif flutningabíla á loftgæði séu margþætt; flutningabílar slíti vegum meira en aðrir bílar í umferðinni og útblástur frá þeim sé einnig meiri en frá öðrum ökutækjum, stórir og þungir bílar þyrli upp lausu ryki í vegköntum og valdi þannig svifryksmengun auk þess sem efni sem flutningabílar flytji geti fokið af pöllum og þannig aukið rykmengun. Fram kemur að ábreiða verði sett yfir vörupalla bílanna til að koma í veg fyrir fok auk þess sem flutningsleiðin sé að mestu á bundnu slitlagi sem dragi verulega úr rykmengun. Framkvæmdaraðili telur að svifryksmengun vegna flutningabíla muni ekki hafa mikil áhrif en að efnistaka sjálf muni valda svifryksmengun á rekstrartíma, bæði vegna efnistökkunar sjálfrar og uppblæstri á jarðvegi. Náman sé þó ekki í nánd við þéttbýli svo svifryksmengun vegna efnistöku muni hafa áhrif á fáa. Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að þar sem akstursleiðin sé löng og krefjist þess að flutningabílar stoppi og beygi á nokkrum stöðum, auki það líkur á slysum. Áætlanir séu uppi hjá framkvæmdaraðila að færa efnisvinnsluna nær námunnunni seinna meir og skipa efninu út frá Þorlákshöfn, en eins og er sé Vatnsskarðsnáma eini staðurinn sem framkvæmdaraðili hefur fastan í hendi sem vinnslustað. Framkvæmdaraðili telur, að þegar litið sé til fjölda og stærðar ökutækja, akstursvegalengdar, mikillar umferðar á köflum leiðarinnar og að það þurfi að aka fram hjá þéttbýlum, að framkvæmdin muni koma til með að hafa talsvert neikvæð áhrif á umferð og loftgæði.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Framkvæmdaraðili telur að með því að breyta akstursleið þannig að ekki sé ekið í gegnum Selfoss sé hægt að draga úr áhrifum á loftgæði og bæta umferðaröryggi. Flutningsbílar geti beygt suður áður en komið sé inn á Selfoss, ekið Gaulverjabæjarveg og svo Votmúlaveg að Eyrarbakkaveg en það sé háð því að Gaulverjabæjarvegur verði lagaður svo hann sé fær fyrir fyrirhugaða flutninga. Einnig hyggst framkvæmdaraðili notast við ábreiður yfir vörupalla til að koma í veg fyrir fok af flutningabílum á flutningsleiðinni.

3.4.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að það séu meiri hættur faldar í aukinni þungaumferð á ákveðnum stöðum á vegakerfinu og Þjórsárdalsvegur og Krýsuvíkurvegur séu mjórri en veghönnunarreglur kveði á um auk þess sem þrjár einbreiðar brýr séu á Þjórsárdalsvegi og þurfi að sækja um undapágu til Samgöngustofu fyrir þungaflutninga um þær. Einnig kemur fram að fyrirhuguð flutningsleið sé í gegnum miðbæ Selfoss þar sem m.a. sé þverun gönguleiðar skólabarna og að ekki sé umfjöllun um hvaða áhrif ný lega þjóðvegur við Selfoss með tilkomu nýrrar búar muni hafa á flutningsleið og umferðaröryggi. Ef áformað sé að nota aðra staðsetningu fyrir geymslu og vinnslu vikursins þurfi einnig að fjalla um þá breytingu í umhverfismatsskýrslu. Vegagerðin leggur áherslu á að farmur sé tryggður og að dekk séu þvegin áður en ekið sé inn á þjóðveg. Jafnframt kemur fram að áhrif þungaumferðar á niðurbrot vega sé mun meira en fólksbíla, þar sem fulllestaður flutningabíll sé á við 10.000 fólksbíla og nái niðurbrotið langt niður í vegbygginguna sem geri viðhald bæði tíðara og umfangsmeira.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vikurinn verði fluttur í Vatnsskrarðsnámu en framkvæmdaraðili sjái tækifæri til þess að stytta vegalengd flutninga og þar með draga úr áhrifum framkvæmdanna á umferð með því að færa efnisvinnslu nær framkvæmdastað. Að svo stöddu sé hins vegar ómögulegt að segja nákvæmlega til um hvar fyrirhuguð staðsetning efnisvinnslu endar og því eingöngu fjallað um Vatnsskrarðsnámu í umhverfismatinu. Fram kemur að allir vagnar verði búnir seglum og farmur sé alltaf tryggður og krafa gerð á ökumenn að nota þau alltaf. Framkvæmdaraðili telji að dekkjaþvottur sé ekki nauðsynlegur á þessu svæði þar sem nokkuð löng vegalengd sé frá námunni og út á veg og sé sú leið gerð úr þjöppuðum vikri sem berist ekki með dekkjum auk þess sem talið sé ólíklegt að slíkur þvottur yrði leyfður þar sem steinefnaþvottur sé ekki leyfður á svæðinu. Framkvæmdaraðili bendir á að greidd séu gjöld af flutningabifreiðum þar sem m.a. séu lögð kílómetragjöld á ökutæki yfir ákveðinni þyngd og séu slík gjöld ætluð til að mæta slit- og viðhaldskostnaði vegakerfisins. Framkvæmdaraðili leggi þó áherslu á gott samráð við Vegagerðina vegna framkvæmda sem snerti vegagerð sem snúi beint að rekstri námunnar, t.a.m. vegna breikkunar eða styrkingar á vegamótum frá námu eða öðrum sambærilegum úrbótum.

Í umsögn Landsvirkjunar er ítrekað mikilvægi þess að tekið sé tillit til þess að fyrirhuguð framkvæmd sé í miklu návígi við stærsta raforkuvinnslusvæði landsins og að Landsvirkjun hafi áhyggjur af væntri notkun framkvæmdaraðila á mannvirkjum Landsvirkjunar fyrir efnisflutninga.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir með Landsvirkjun um mikilvægi raforkuvinnslu og mikilvægi þess að tryggja innviði á svæðinu. Framkvæmdaraðili hafi lýst yfir vilja sínum til að mæta áhyggjum Landsvirkjunar og lagt áherslu á samráð við Landsvirkjun til þess að draga úr áhættum sem fylgja efnisflutningi.

3.4.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Ekki er um að ræða umfangsmikla efnisflutninga en flutningsleiðin er þó löng og í gegnum nokkur þéttbýli. Flutningsleiðin er á leið sem er nú þegar undir álagi vegna mikillar umferðar og í gegnum þéttbýli sem bæði veldur auknu ónæði fyrir íbúa og eykur líkur á slysum. Mögulegt er að draga úr áhrifunum með breyttri flutningsleið, þar sem ekki yrði ekið í gegnum Selfoss líkt og framkvæmdaraðili nefnir sem mótvægisáðgerð. Skipulagsstofnun árættar að tryggt sé gott samráð við Landsvirkjun varðandi notkun á innviðum þeirra á flutningsleiðinni.

3.5 Áhrif á gróðurfar og fuglalíf

3.5.1 Mat Steypustöðvarinnar Materials ehf.

Í umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. kemur fram að efnistökusvæðið sé staðsett á lítt grónum vikursléttum og að fuglalíf á rannsóknartíma hafi verið mjög fágætt. Einna helst megi finna gróður í nálægð árbakkanna beggja megin við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Fram kemur að framkvæmdaraðili hafi afmarkað framkvæmdasvæðið þannig að það sé í það minnsta í 50 metra fjarlægð frá árbakka og metur framkvæmdaraðili áhrif framkvæmdanna á gróður og fuglalíf óveruleg.

3.5.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða gróðursnautt land og fágætt fuglalíf. Gróður er einna helst að finna við árbakka Þjórsár og Bjarnalækjar en þar sem framkvæmdaraðili hefur tekið tillit til bakkagróðurs með því að afmarka efnistölusvæðið þannig að það sé alltaf 50 m frá árbakka telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdanna á gróður og fuglalíf verði óveruleg.

3.6 Áhrif á loftslag, samfélag og fornminjar

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu Steypustöðvarinnar um vægi áhrifa framkvæmdarinnar á loftslag, samfélag og atvinnulíf og fornminjar.



4 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Breyting á aðalskipulaginu er í vinnslu og verður gert ráð fyrir efnistökkunni í breytingunni.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið en sótt verður um framkvæmdaleyfi á grundvelli staðfests aðalskipulags nema sveitarfélagið fari fram á gerð deiliskipulags.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Þá er framkvæmdin háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna vinnslu jarðefna skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. um vikurnám á Búrfellshólma sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Steypustöðvarinnar Materials ehf. eru kynnt áform um efnistöku á allt að 4-5 milljónir m³ af vikri á Búrfellshólma í 10-15 ár. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar eru á landslag og ásýnd, jarðmyndanir og umferð. Svæðið er nú þegar raskað auk þess sem náman verður niðurgrafin og því ekki mjög sýnileg á láglendi en áhrifa verður helst að gæta frá Búrfelli. Stofnunin telur áhrif á jarðmyndanir vera óhjákvæmilega nokkuð neikvæð þar sem víðáttumikið vikurlag verður fjarlægt í heild sinni. Efnisflutningar eru ekki umfangsmiklir en vegalengdin er löng og á leið sem er þegar undir miklu álagi vegna umferðar auk þess sem farið verður í gegnum þéttbýli sem eykur líkur á slysum og veldur ónæði fyrir íbúa en mögulegt er að draga úr áhrifum að hluta með breyttri flutningsleið. Áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar og vatnalíf, lofslag og samfélag og atvinnulíf verða óveruleg og áhrif á fornminjar engin. Fyrst um sinn er gert ráð fyrir að efnisvinnsla verði í Vatnsskarðsnámu en framkvæmdaraðili er með áform um að finna efnisvinnslunni nýja staðsetningu nær framkvæmdarsvæðinu. Skipulagsstofnun bendir á að ný staðsetning á efnisvinnslunni kann að vera háð ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og því þarf framkvæmdaraðili að hafa samband við stofnunina áður en staðsetningu efnisvinnslu verður breytt.

Reykjavík, 31. mars 2025

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

